

Um möguleika a jarðhita
í landi Hóla í Hjaltadal, 1951

Ílo.

Fyrir beiðni hr. Kristjáns Karlassonar, bústjóra, athuguðu starfsmenn ja rðborunardeildarinnar möguleika á jarðhita í landi Hóla í Hjaltadal, þann 11. okt. s.l. og 9. nóv. s.l.

Fyrst varð gerð athugun á jarðhita að Reykjum í Hjaltadal, og reyndust þar vera 1 til 2 lítrar á sekúndu af 51°C heitu vatni. Mælingar á segulsavði sýndu, að þessar laugar munu vera á brotlínu, sem stefnir beint á Hóla.

Lá því beint við að gera jarðviðnámsmælingar á þessari línu í landi Hóla. Við fyrstu athugunina þann 11. okt. virtist ekki grunlaust um, að örlítill hiti væri undir staðnum, en við nánari athugun á niðurstöðum mælinganna og einkum við hinrar síðari mælingar þann 9. nóv. kom í ljós, að svo mun þó ekki vera, og telur deildin því að sinni ekki von um árangur af borunum í landi Hóla.

Reykjavík, 24. nóvember 1951,

S.B.